

Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands
Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er rekið af sveitarfélögunum á Vesturlandi sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerð nr. 1110/2021 um sameiningu annars vegar Heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar við Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og hins vegar sameiningu Heilbrigðiseftirlits Kjósarhrepps við Vesturlandssvæði tók gildi þann 20. september 2021. Í samráði við Kjósarhrepp og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis var ákveðið að sameining Kjósarhrepps við Vesturlandssvæði færi formlega fram 1. janúar 2022.

Aðildarsveitarfélög að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands eru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundafjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema heildartekjur eftirlitsins 72,9 millj. kr. og er rekstrarniðurstaða eftirlitsins jákvæð um 6,1 millj. kr. Eigið fé eftirlitsins í árslok 2021 samkvæmt efnahagsreikningi var jákvætt um 15,0 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands störfuðu 4 starfsmenn í 3,0 ársverki á árinu 2021 og greiddi eftirlitið 35,7 millj. kr. (2020; 31,1 millj. kr.) í laun að meðtöldum stjórnarlaunum að fjárhæð 2,2 millj. kr. (2020; 1,5 millj. kr.) Launatengd gjöld námu 11,4 millj. kr. á árinu (2019; 7,4 millj. kr.) Laun framkvæmdastjóra námu 14,8 millj. kr. á árinu 2021 (2020; 11,7 millj. kr.).

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands staðfesta hér með ársreikning Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Hvalfjarðarsveit, 7. mars 2022.

Í stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Heilbrigðiseftirlits Vesturlands („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 7. mars 2022.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	Ársreikningur 2021	Fjárhagsáætlun 2021	Ársreikningur 2020
Rekstrartekjur				
Framlög sveitarfélaga		19.999.947	20.000.000	20.000.002
Eftirlitsgjöld		39.794.505	20.627.606	35.901.110
Tekjur vegna rannsókna		4.139.758	3.500.000	2.771.376
Aðrar sértekjur		8.988.052	3.500.000	3.260.050
	4	<u>72.922.262</u>	<u>47.627.606</u>	<u>61.932.538</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	7	47.537.399	45.017.260	36.835.661
Annar rekstrarkostnaður	8	19.094.188	16.064.167	8.465.771
Afskriftir	9	194.064	0	379.064
		<u>66.825.651</u>	<u>61.081.427</u>	<u>45.680.496</u>
Rekstrarafkoma				
án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)		6.096.611	(13.453.821)	16.252.042
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur		88.777	0	60.431
Fjármagnstekjuskattur	(	4.262)	0	(13.295)
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(	87.488)	0	(127.435)
	(	<u>2.973)</u>	<u>0</u>	<u>(80.299)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	11	<u>6.093.638</u>	<u>(13.453.821)</u>	<u>16.171.743</u>

Efnahagsreikningur 31.desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		582.190	776.254
Fastafjármunir samtals	5,9	582.190	776.254
Óinnheimtar tekjur	6,10	2.557.440	2.896.372
Aðrar skammtímakröfur		3.223.660	1.244.930
Handbært fé		20.890.946	13.453.821
Veltufjármunir samtals		26.672.046	17.595.123
Eignir samtals		27.254.236	18.371.377
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	11	15.031.015	8.937.377
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	1.641.002	1.145.975
Fyrirframinnheimt framlög v. bifreiðar, tengdir aðilar	14	3.000.000	3.000.000
Skuld við tengda aðila	14	140.834	105.002
Ógreiddur kostnaður	13	7.441.385	5.183.023
		12.223.221	9.434.000
Skuldir samtals		12.223.221	9.434.000
Eigið fé og skuldir samtals		27.254.236	18.371.377
Skuldbindingar			
	15		

Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	11	6.093.638	16.171.743
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	194.064	379.064
Veltufé frá rekstri		6.287.702	16.550.807
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun	(	1.639.798)	(2.274.683)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		2.753.389	(761.624)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		1.113.591	(3.036.307)
Handbært fé frá rekstri		7.401.293	13.514.500
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		0	(970.318)
Fjárfestingarhreyfingar		0	(970.318)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Staða við tengda aðila, breyting		35.832	(10.859)
Fjármögnunarhreyfingar		35.832	(10.859)
Hækkun á handbæru fé		7.437.125	12.533.323
Handbært fé í ársbyrjun		13.453.821	920.498
Handbært fé í árslok		20.890.946	13.453.821

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands var stofnað af sveitarfélögunum á Vesturlandi þann 15. febrúar 1999 á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er allt eftirlitssvæði Vesturlandssvæðis.
2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í íslenskum krónum.
3. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2021 er birt í ársreikningnum til samanburðar. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðauka sem stjórn eftirlitsins hefur samþykkt.

Innlaun tekna

4. Tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi auk árlegra eftirlitsgjalda. Framlög sveitarfélaga er innheimt í samræmi við samstarfssamning aðila sem að eftirlitinu standa og skiptist á milli aðila í hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftirnar eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Innréttingar og tæki 5 ár

Óinnheimtar tekjur og skammtíma kröfur

6. Óinnheimtar tekjur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtíma kröfum í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir

7. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Fjárhagsáætlun með viðauka		
	2021	2021	2020
Laun starfsmanna	33.536.714	34.536.494	29.584.025
Laun stjórnar	2.205.058	2.750.075	1.540.924
Fæðispeningar	440.929	483.516	326.088
Áunnið orlof, breyting	2.063.135	0 (	1.656.456)
Ökutækjastyrkir	182.742	0	75.696
Dagpeningar	114.300	320.000	50.400
Mótframlag í lífeyrissjóð	4.901.944	3.832.855	3.826.932
Önnur launatengd gjöld	4.092.577	3.094.320	3.088.052
Laun og launatengd gjöld samtals	47.537.399	45.017.260	36.835.661
Fjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf (ársverk)	3		3

8. Annar rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

	Fjárhagsáætlun með viðauka		
	2021	2021	2020
Húsaleiga og skrifstofukostnaður	1.418.202	1.905.000	1.960.220
Sími og burðargjöld	917.039	590.000	598.329
Rekstur bifreiða	2.660.377	2.999.167	1.083.816
Rannsóknarkostnaður	0	0	2.980.469
Önnur aðkeypt þjónusta	11.934.459	8.300.000	1.508.748
Tölvukostnaður	534.634	450.000	438.634
Endurgreiddur virðisaukaskattur frá fyrri árum	0	0	(2.012.377)
Niðurfærsla krafna og töpuð eftirlitsgjöld	73.221	0	690.064
Annar kostnaður	1.556.256	1.820.000	1.217.868
	<u>19.094.188</u>	<u>16.064.167</u>	<u>8.465.771</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttingar og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2021	970.318	970.318
Afskrifað áður	(194.064)	(194.064)
Bókfært verð 1.1.2021	776.254	776.254
Afskrifað á árinu	(194.064)	(194.064)
Bókfært verð 31.12.2021	<u>582.190</u>	<u>582.190</u>
Heildarverð 31.12.2021	970.318	970.318
Afskrifað 31.12.2021	(388.128)	(388.128)
Bókfært verð 31.12.2021	<u>582.190</u>	<u>582.190</u>
Afskriftahlutföll	20%	

Skammtímakröfur

10. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

	2021	2020
Niðurfærsla í ársbyrjun	1.689.920	999.856
Endanlegar afskrifaðar kröfur	(1.186.632)	0
Breyting á niðurfærslu á árinu	73.221	690.064
Niðurfærsla í árslok	<u>576.509</u>	<u>1.689.920</u>

Eigið fé

11. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé 1.1.2020	(7.234.366)
Rekstrarniðurstaða ársins 2020	<u>16.171.743</u>
Eigið fé 1.1.2021	8.937.377
Rekstrarniðurstaða ársins 2021	<u>6.093.638</u>
Eigið fé 31.12.2021	<u>15.031.015</u>

Skammtímaskuldir

12. Viðskiptaskuldir

	2021	2020
Lánardrottnar	1.641.002	1.145.975
	<u>1.641.002</u>	<u>1.145.975</u>

13. Ógreiddur kostnaður greinist þannig:

Áfallið orlof	4.577.758	2.514.623
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald	1.909.191	1.740.883
Ógreidd önnur launatengd gjöld	945.896	918.992
Aðrar skammtímaskuldir	8.540	8.525
Skammtímaskuldir samtals	<u>7.441.385</u>	<u>5.183.023</u>

Tengdir aðilar

14. Aðal- og varamenn í stjórn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands auk æðstu stjórnenda þess eru skilgreindir sem tengdir aðilar eftirlitsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila. Í skýrslu stjórnar er getið um laun greidd til stjórnar og framkvæmdastjóra.

Kröfur og skuldir á tengda aðila sundurliðast með eftirfarandi hætti í árslok 2021:

	Skuld 2021	Krafa 2021	Skuld 2020	Krafa 2020
Akraneskaupstaður	1.339.546	0	1.339.546	0
Borgarbyggð	691.087	0	691.087	0
Dalabyggð	87.085	0	87.085	0
Eyja- og Miklaholtshreppur	23.805	0	23.805	0
Grundarfjarðarbær	161.838	0	161.838	0
Helgafellssveit	10.703	0	10.703	0
Hvalfjarðarsveit	296.413	0	260.581	0
Skorradalshreppur	10.334	0	10.334	0
Snæfellsbær	302.824	0	302.824	0
Stykkishólmsbær	217.199	0	217.199	0
	<u>3.140.834</u>	<u>0</u>	<u>3.105.002</u>	<u>0</u>

Heilbrigðiseftirlitið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti eftirlitsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

Skuldbindingar og leigusamningar

15. Á árinu 2009 gerði Heilbrigðiseftirlitið samning við Hvalfjarðarsveit um leigu á aðstöðu og þjónustusamning um bókhald en samningurinn um bókhaldið færðist yfir til Hvalfjarðarsveitar 1. janúar 2012. Samningurinn tók gildi 1. september 2009 og er ótímabundinn. Kostnaður á árinu 2021 nam 1,6 millj. kr. (2020: 1,4 millj. kr.) og er færður á annan rekstrarkostnað í rekstrarreikningi.

Á árinu 2020 gerði Heilbrigðiseftirlitið samninga vegna leigu bifreiða. Samningarnir eru gerðir til 3-4 mánaða í senn. Kostnaður á árinu 2021 nam 1,9 millj. kr. (2020: 543 þús. kr.)